

Ákvörðun nr. 25/2025
Föstudagurinn 27. júní 2025

Samruni ST eignarhaldsfélags ehf. (Steypustöðin o.fl.) og Krafts ehf.

1. Þann 10. júní 2025 var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um kaup ST eignarhaldsfélags ehf. (hér eftir „ST eignarhaldsfélag“) á Krafti ehf. (hér eftir „Kraftur“). Með tilkynningunni fylgdi styttri samrunaskrá í samræmi við 5. og 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga og reglur Samkeppniseftirlitsins nr. 1390/2020. Með tölvupósti þann 11. júní 2025 upplýsti Samkeppniseftirlitið að nefnd samrunatilkynning teldist fullnægjandi. Með hliðsjón af 2. mgr. 8. gr. reglna Samkeppniseftirlitsins um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum nr. 1390/2020 byrjuðu frestir til að rannsaka samrunann að líða 11. júní 2025. Við athugun á samrunanum leit Samkeppniseftirlitið til upplýsinga í samrunaskrá, fyrirliggjandi gagna og fyrri ákvarðana eftirlitsins. Einnig var helstu keppinautum samrunaaðila gefin kostur á að tjá sig um samrunann.
2. Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í því að fyrirtæki taki annað fyrirtæki yfir eða það nái yferráðum í heild eða að hluta yfir öðru fyrirtæki, t.d. með því að kaupa hluta af eignum þess eða þær allar sbr. 1. mgr. 17. gr. laganna. Með fyrrnefndum kaupum eignast ST eignarhaldsfélag allt hlutfé í félaginu Kraftur. Samkeppniseftirlitið telur í þessum kaupum felist samruni í skilningi 17. gr. samkeppnislaga.
3. Í samrunaskrá kemur fram að skráður tilgangur ST eignarhaldsfélags sé eignarhald og umsjón eignarhluta í Steypustöðinni ehf. og tengdum félögum. Steypustöðin sé fyrirtæki sem starfar við framleiðslu á steinsteypu til notkunar við mannvirkjagerðar. Auk þess framleiði fyrirtækið og selur hellur og einingar, reki múrverslun og starfræki flotdeild.
4. Í samrunaskrá kemur fram að starfsemi Krafts lúti aðallega að innflutningi og sölu á atvinnubifreiðum, en Kraftur sé umboðsaðili MAN bifreiða á Íslandi. Félagið reki einnig þjónustuverkstæði sem bjóði upp á viðgerðir og viðhald á atvinnubifreiðum. Þá sé félagið með umboð fyrir varahluti í MAN bifreiðir. Til viðbótar þá flytji inn og selur félagið margvísleg atvinnutæki, t.a.m. snjóhreinsunartæki og götusópa. Að mati samrunaaðila starfi Kraftur á markaði fyrir sölu á vörubifreiðum, markaði fyrir viðgerðir og viðhald á atvinnubifreiðum, markað fyrir heildsölu og smásölu á varahlutum í atvinnubifreiðar og markað fyrir sölu á atvinnutækjum.
5. Þar sem ekki sé skörun í starfsemi samrunaaðila eða félaga í samstæðu þeirra, né sé kaupandi að taka yfir starfsemi fyrirtækis sem framleiðir og/eða selur aðföng fyrir starfsemi hins, er hvorki um láréttan né lóðréttan samruna að ræða. Ljóst sé því að sögn samrunaaðila fjárfesting og kaup ST eignarhaldsfélag á Krafti teljist til samsteypusamruna í samkeppnisréttarlegum skilningi.



6. Við mat á samruna samkvæmt samkeppnislögum verður að byrja á því að skilgreina þann markað eða þá markaði sem við eiga.¹ Af hálfu samrunaaðila er á því byggt í samrunaskrá að þeir markaðir sem ST eignarhaldsfélag og tengdir aðilar starfi á séu helst þeir markaðir sem Steypustöðin starfi á, þ.e. markaður fyrir steypuframleiðslu, markaður fyrir framleiðslu og sölu á forsteyptum einingum, markaður fyrir sölu á múrvörum, hellum og öðrum byggingarefnum og markaður fyrir steypuflutninga. Í samrunaskrá kemur einnig fram að það sé mat samrunaaðila að Kraftur starfi á markaði fyrir sölu á vörubifreiðum, markaði fyrir viðgerðir og viðhald á atvinnubifreiðum, markað fyrir heildsölu og smásölu á varahlutum í atvinnubifreiðar og markaði fyrir sölu á atvinnutækjum. Samrunaaðilar telja svo að Ísland sé landfræðilegur markaður fyrir framangreinda markaði.
7. Samkeppniseftirlitið telur ekki tilefni til þess að ráðast í nákvæmari markaðsskilgreiningar en samrunaaðilar gera í samrunaskrá, enda ljóst að samrunaaðilar starfa á ólíkum mörkuðum. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að véfengja markaðsskilgreiningar samrunaaðilar né þarf að taka formlega afstöðu til þeirra í ljósi takmarkaðra áhrifa samrunans.
8. Samkvæmt samrunaskrá er það mat samrunaaðila að viðskiptin muni ekki hafa nein samkeppnisleg áhrif á þeim mörkuðum sem þeir starfa á. Samrunaaðilar starfi á ólíkum mörkuðum og með samrunanum verði engin breyting á markaðshlutdeild aðila.
9. Samkeppniseftirlitið telur að um sé að ræða svokallaðan samsteypusamruna þar sem samrunaaðilar starfa ekki á sama markaði. Samkeppnisleg áhrif skapast því ekki vegna aukinnar samþjöppunar eða láréttra áhrifa. Þá er ekkert í fyrirliggjandi gögnum né þeim umsögnum sem bárust sem bendir til þess að skaðleg lóðrétt áhrif eða samsteypuáhrif leiði af samrunanum sem raski samkeppni umtalsvert með öðrum hætti.
10. Að öllu framangreindu virtu er það því niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að engar vísbendingar séu um að samruninn komi til með að hindra virka samkeppni. Af þeim sökum er það niðurstaða eftirlitsins að hvorki sé ástæða til frekari rannsóknar né sé nauðsynlegt að aðhafast vegna samrunans. Lýkur því meðferð málsins á fyrsta fasa samrunarannsóknar.

Ákvörðunarorð:

„Kaup ST eignarhaldsfélags ehf. á öllu hlutafé í Krafti ehf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að hafast frekar að í máli þessu.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson

¹ Samkvæmt 4. gr. samkeppnislaga er markaður sölusvæði vöru og staðgengdarvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgengdarþjónustu. Hagfræðileg rök leiða til þess að líta verður á viðkomandi markaði frá tveimur sjónarhornum, annars vegar vöru- eða þjónustumarkaðinn og hins vegar landfræðilega markaðinn.